

## **1. Hvert yrði ykkar framlag í baráttu fyrir réttindum og þátttöku fólks á einhverfurófinu?**

Börn á einhverfurófi njóta góðs af nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þjónustan á að taka meira mið af þjónustuhörf en greiningu eingöngu og þjónustan verður heildstæðari þar sem fagfólk vinnur saman að þjónustu við barnið en ekki hvert í sínu horni.

Fyrir fullorðna á einhverfurófi er mikilvægt að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Til þess að geta klárað það verkefni stendur út af að setja á fót sjálfstæða Mannréttindastofnun, en starfshópur um stofnun hennar hefur verið að störfum undanfarið og ætti að skila niðurstöðu fljótlega.

## **2. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til þess að bæta aðgengi að greiningu og eftirfylgni?**

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna færa alla þjónustu sem þessu tengist mun nær börnum, inn í þeirra nærumhverfi. Á heilsugæslum og í skólum og á fleiri stöðum sem börn sækja reglulega mun starfa tengiliður frá því að lögin taka gildi um áramótin. Þessi tengiliður sér um að vera í samskiptum við börn og forráðamenn þeirra í þeim tilgangi að tryggja að þau fái greiningu og þjónustu við hæfi. Tengiliður getur fært mál upp á annað eða þriðja þjónustustig, eftir atvikum, og þá til málstjóra sem hefur yfirumsjón með samþættingu þjónustunnar og öll eftirfylgni verður þá önnur og betri. Á komandi kjörtímabili mun svo Framsókn leggja áherslu á úrræði í málefnum barna og tryggja að eftirfylgni sé ásættanleg.

## **3. Hvað telur þinn flokkur að sé ásættanleg bið eftir greiningu?**

Þar sem ný hugsun í málefnum barna byggir á því að greining sé ekki lykillinn að þjónustu, heldur þjónustuhörfin, skiptir greining ekki eins miklu máli. Hins vegar er mikilvægt að greining fari fram í margþættum tilgangi, en þjónusta verður veitt hvort sem greining liggur fyrir eða ekki.

Bið eftir greiningu er hins vegar of löng, það er staðreynd. Framsókn leggur til þjónustutryggingu sem er þannig sköpuð að ef hið opinbera getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu innan eðlilegs tímafrests (sem er ekki í boði núna) greiðir hið opinbera fyrir aðgang að greiningu innan einkageirans.

Þá má einnig nefna að félags- og barnamálaráðherra hefur veitt aukafjármunum til t.d. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar til þess að vinna á biðlistum en fjármagninu var skilað vegna skorts á fólki til starfa. Félags- og barnamálaráðherra hefur t.d. gert samning um styrk við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands til að styrkja kennslu og fjölga fagfólki innan þeirrar stéttar. Allt þetta spilar inn í að breyta biðlistaumhverfinu til langframa.

